

13 gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitu skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan-
húss og utan meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en þær hafa
verið viðurkenndar af eftirlitsmanni.

14 gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing
liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-
berra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps,
staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar
gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á**Hitaveitu Hvammstanga.****I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð
hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá að-
færsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir
Hitaveitu Hvammstanga staðfestri 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar
hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar húss-
ins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunar-
kerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn
er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hita-
veitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta
álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, eru um
getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið,
sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði
einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við
hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orku-
notkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina, sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslislutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

- a. Fyrir hús, sem höfðu olíu-, kola-, eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1972. Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 28 000.00.
Hús 300—2000³ m að utanmáli kr. 28 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 30.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 78 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 24.00 á hvern rúmmetra þar yfir.
- b. Fyrir önnur hús:
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 58 000.00.
Hús 300—2000 m³ að utanmáli kr. 58 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 53.50 á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 150 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 42.80 á hvern rúmmetra þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 6 000.00.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 913 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld sankv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir **Hitaveitu Húsavíkur nr. 285**
18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 550.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum. Hvert gjaldstig (skammstafað g) jafngildir kr. 3.40 frá og með 1. janúar 1974, sbr. þó ákvæði í 5. kafla um breytingar á verðgildi gjaldstigs.